

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Í tóninu heima 2024. Minnisblað um framkvæmd bæjarhátíðarinnar

Dags: 9. september 2024

Málsnúmer: 202408060/15.15

Sendandi: Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþróttá- og lýðheilsusviðs

Bæjarhátíðin Í tóninu heima fór fram 29. ágúst – 1. september 2024 í 18. skiptið. Setning hátíðarinnar fór að þessu sinni fram á fimmtudegi og var hluti af hátíðardagskrá í félagsheimilinu Hlégarði. Áður var setningin hluti af dagskrá Ullarpartýs í Álafosskvos á föstudagskvöldi og hátíðardagskráin hefur verið á sunnudegi. Á hátíðardagskránni fer fram útnefning bæjarlistamanns, umhverfisviðurkenningar veittar og starfsmenn sem hafa unnið hjá Mosfellsbæ í 25 ár eru heiðraðir.

Í tóninu heima hefur frá upphafi verið hugsuð sem þátttökuhátíð sem byggir á því að íbúar, félagasamtök, Mosfellsbær, stofnanir bæjarins og fyrirtæki taki þátt í að móta og skapa viðburði sem tengjast hátíðinni eða taki þátt í þeim dagskrárliðum sem aðrir skipuleggja.

Margar hefðir hafa skapast í kringum hátíðina og eru það fyrst og fremst íbúarnir sem skapa stemmninguna og hátíðina sjálfa með því meðal annars að bjóða heim í garðana sína, standa fyrir götugrillum og stærri og smærri viðburðum.

Þekktir dagskrárliðir bæjarhátíðarinnar voru á sínum stað í ár, Ullarpartý og markaðsstemming í Álafosskvos, flugvéla- og fornbílasýning á Tungubökkum, kjúklingafestival, götugrill og Pallaball í félagsheimilinu Hlégarði. Þá var í ár boðið upp á sveitamarkað í Álafosskvos sem tókst mjög vel og gera þarf ráð fyrir auknu tjaldrymi fyrir þá starfsemi að ári.

Ríflega hundrað viðburðir voru á dagskrá hátíðarinnar í ár. Viðburðirnir voru af fjölbreyttum toga og dreifðust frá Tungubakkaflugvelli, inn í Mosfellsdal og að Hafravatnsafrétt, auk þess sem hlaupið var á tinda umhverfis bæinn í Tindahlaupi Mosfellsbæjar.

Verkefnastjórar hátíðarinnar eru Auður Halldórsdóttir og Hilmar Gunnarsson. Þá kom Guðjón Svansson, leiðtogi Íþróttá- og lýðheilsamála, að þeim viðburðum sem tengdust útveru, hreyfingu og lýðheilsu almennt. Hann annaðist meðal annars samskipti og skipulag vegna Tindahlaupsins, undirbjó Hundahlaupið og skipulagði vígslu hjólabrautarinnar Flækjunnar og endurvígslu frisbígolfvallarins í Ævintýragarðinum.

Á hátíðinni fer saman menning og áhersla á hreyfingu. Meðal nýjunga á dagskrá bæjarhátíðarinnar að þessu sinni var Hundahlaup sem haldið var miðvikudaginn 28. ágúst. Um 200 hlauparar tóku þátt og boðið var upp á tvær vegalengdir, 2 km skemmtiskokk og 5 km með tímatöku.

Í allri kynningu og umfjöllun um hátíðina af hálfu Mosfellsbæjar var lögð áhersla á að bæjarhátíðin Í tóninu heima er fjölskylduhátíð þar sem vinir og fjölskyldur njóta saman menningar og skemmta sér fallega. Þá hefur vægi hreyfingar og útveru verið aukið og er hugmyndin að auka þann þátt jafnt og þétt á næstu árum.

Framkvæmd hátíðarinnar og samstarf ólíkra aðila á stærstu viðburðum

Skipuleggjendur stærstu viðburða, viðbragðsaðilar og starfsmenn Mosfellsbæjar komu saman á undirbúningsfundum í Hlégarði þriðjudaginn 27. ágúst til að leggja lokahönd á undirbúning bæjarhátíðarinnar og stilla saman strengi. Þessir fundir hafa reynst vel og nýst til þess að ræða verklag og lærdóm milli ára.

Hátíðin stækkaði í jöfnum skrefum til ársins 2019 en var ekki haldin árin 2020 og 2021 vegna heimsfaraldurs Covid-19. Árið 2022 varð aukning á fjölda gesta á unglingsaldri víðsvegar að af höfuðborgarsvæðinu sem koma án foreldra og hélt sú þróun áfram árið 2023 og náði hámarki í ár. Flestir gesta eru til stakrar fyrirmyndar en fjöldi ungra gesta hefur kallað á aukið viðbragð á staðnum.

Í ár var ákveðið að fulltrúar barnaverndar hjá Mosfellsbæ væru á vakt á föstudagskvöldinu og laugardagskvöldinu til samræmis við ábendingar lögreglu frá árinu 2023. Áður voru það starfsmenn á bakvakt barnaverndar sem sinntu verkefnum í tengslum við bæjarhátíðina. Ennfremur var ákveðið að óska eftir því við björgunarsveitina Kyndil að fjölga einstaklingum á vöktum á þeirra vegum í gæslu enda rými í fjárhagsáætlun til þess að standa straum af því þar sem að flugeldasýningin var felld niður.

Gönguhópum á vegum Bólsins var fjölgað og Flotinn tók þátt í vinnu gönguhópa, auk einstaklinga frá öðrum félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Flotinn er flakkandi félagsmiðstöð og er samstarfsverkefni allra frístundamiðstöðva í Reykjavík. Flotinn sinnir vettvangsstarfi utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga.

Björgunarsveitin Kyndill kom almennt að öryggisgæslu og var til stuðnings við gönguhópa í einfaldari verkefnum. Á föstudeginum var tekin ákvörðun um að ráða sérhæft öryggisfyrirtæki til að annast öryggisgæslu til stuðnings við gönguhópa á vegum Mosfellsbæjar, vegna vaxandi spennu á meðal unglunga á höfuðborgarsvæðinu en ábendingar um slíkt komu víða að. Á föstudagskvöldinu voru sex aðilar á vegum þeirra í tveim teymum og á laugardagskvöldinu voru 12 aðilar á þeirra vegum í fjórum teymum. Reyndist þessi viðbót mjög vel og samstarf milli þessara ólíkra aðila var vel skipulögð. Þá jók lögreglan viðveru sína verulega báða dagana og sérsveitin var innan seilingar.

Mesta annríkið og flóknustu verkefni áttu sér stað á laugardagskvöldinu og höfðu þeir aðilar sem komu að gæslu aðsetur í félagsmiðstöðinni Úlfnum í Þverholti 2 og þótti sú aðstaða henta einkar vel. Starfsmenn barnaverndar Mosfellsbæjar og verkefnastjóri félagsmiðstöðvar tóku á móti börnum í athvarfið og veittu þeim aðhlyningu meðan þau dvöldu þar. Lögreglan sá um að senda tilkynningar til barnaverndar vegna þeirra barna sem komu í athvarfið ásamt því að hringja í foreldra eða forráðamenn. Í fyrra var komið með einn aðila undir lögdri í það athvarf en fjöldi þeirra sem komu þangað í ár var 11.

Annað árið í röð setti veðrið strik sitt í reikninginn á laugardeginum en þá rigndi mikið og hvasst var mestallan daginn.

Eins og í fyrra var Fellið nýtt til þess að halda utan um nokkra viðburði laugardagsins eins og Tindahlaupið og Kjúklingafestivalið, auk þess sem hoppukastalar voru færðir af Stekkjarflöt og inn í Fellið.

Tindahlaup Mosfellsbæjar

Mosfellsbær, björgunarsveitin Kyndill og blakdeild Aftureldingar standa að Tindahlaupi Mosfellsbæjar sem er utanvegahlaup á fellin í Mosfellsbæ. Tindahlaupið fagnaði 15 ára afmæli í ár og var metþátttaka, en 473 voru skráð til leiks. Hlauparar geta valið úr fjórum leiðum: 1, 3, 5 eða 7 tinda. Veðrið

var krefjandi en meginþorri þátttakanda lét það ekki aftra sér og voru þó nokkrir sem fengu heiðurstílinn Tindahöfðingi. Til þess þarf að hafa hlaupið allar fjórar vegalengdirnar.

Vegna veðurspár kom til skoðunar að fresta Tindahlaupinu með tilliti til öryggis hlaupara, en í ljósi þess að fólk var enn að skrá sig til þátttöku á meðan bætti í vindasama veðurspána var ákveðið að halda hlaupið og þátttakendur hvattir til að meta stöðuna á hverjum tíma og klæða sig eftir veðurspá. Hlaupurum stóð til boða að stytta hlaupavegalengd, fá endurgreitt eða færa skráningu sína á næsta ár. Hlauparar voru þakklátir fyrir þennan liðleika og mat aðstandenda hlaupsins er að viðbrögðin hafi styrkt ímynd hlaupsins.

Stærstu viðburðirnir Ullarpartý í Álafosskvos og tónleikar á Miðbæjartorgi

Á föstudagskvöld var að venju haldið Ullarpartý í Álafosskvos. Hljómsveitin VÆB hitaði upp ásamt rapparanum Aroni Can og að því loknu tók hefðbundinn brekkusöngur við undir stjórn Hilmarssonar og Gústa Linn. Dagskrá hófst kl. 21:00 og lauk kl. 22:30.

Þarna var veður ágætt og vel mætt í brekkuna. Eftir að dagskrá lauk var töluverður hópur unglunga á svæðinu í rúman klukkutíma án teljandi vandræða. Á sunnudeginum bærust skipuleggjendum upplýsingar um að hnífi hefði verið beitt á föstudagskvöldinu sem verður að teljast alvarlegt atvik sem verður skoðað nánar.

Á tónleikum á Miðbæjartorgi á laugardagskvöldinu komu fram GDRN, Húbba Búbba, Birnir, Páll Óskar, Gildran og Hr. Eydís ásamt Ernu Hrönn. Tónleikarnir hófust kl. 21:00 og lauk kl. 23:20.

Sú breyting var gerð á dagskránni í ár að flugeldasýning sem björgunarsveitin Kyndill hefur staðið fyrir að loknum tónleikum var ekki á dagskrá. Mosfellsbær og stjórn björgunarsveitarinnar tóku í sameiningu ákvörðun um að hverfa frá flugeldasýningunni á bæjarhátíðinni í lok sumars. Erfiðara hefur reynt að finna heppilega staðsetningu síðustu ár vegna uppbyggingar í miðbænum sem byrgir sýn frá torginu. Þá hefur umræða um flugelda farið vaxandi síðustu ár með tilliti til umhverfis, manna og dýra. Viðbrögð við þessari ákvörðun hafa almennt verið jákvæð.

Óskað var eftir því við Strætó að farin yrði aukaferð úr bænum að loknum tónleikum á laugardagskvöld. Strætó varð við þeirri beiðni og síðasta ferð var farin frá Háholti kl. 23:55. Var ferðin kynnt sérstaklega í lok tónleikanna, en nýting var afar lítil þrátt fyrir að mikill fjöldi ungmenna væri enn í grennd við Miðbæjartorg.

Í aðdraganda hátíðarinnar og fyrir tónleikana voru sterk boð látin út ganga um að hátíðin væri fyrst og fremst fjölskylduhátíð og að gæta þyrfti að útivistartíma barna. Þrátt fyrir þau skilaboð komu mjög margir unglingar af öllu höfuðborgarsvæðinu á hátíðina, unglingadrykkja var meiri en fyrri ár og stærsti hluti þeirra ungmenna sem komu sem gestir var án foreldra eða forráðamanna. Þá var gríðarlega mikil hópamyndun í kringum söluaðila á rafrettum.

Nýir viðburðir við Hlégarð á föstudegi og flutningur Pallaballs í Hlégarð

Í fyrra og í ár voru samkomur við Hlégarð sem heita Kjúllagarðurinn og Kjúllinn með áherslu á Mosfellinga um og yfir þritugu.

Kjúllagarðurinn svokallaði var vinsæll og vel sóttur 2023. Þá var túnið umhverfis Hlégarð nýtt á föstudag og laugardag fyrir samkomustað. Fram fór sala á bæði mat og veigum, leiktæki og hoppukastalar voru á túninu og Veltibíllinn var fyrir framan Hlégarð. Í ár var veðrið verra og aðsókn því dræmari.

Kjúllinn var haldinn í annað skipti og áherslur nokkuð breyttar frá fyrra ári. Á tónleikunum 2023 var leitast við að fá vel þekkt tónlistarfólk en í ár tróðu ungir Mosfellingar upp.

Að baki Kjúllanum og Kjúllagarðinum standa Mosfellingar.

Pallaballið

Í ár óskaði knattspyrnudeild Aftureldingar eftir því að Pallaballið yrði flutt frá Varmá í Hlégarð. Sú ákvörðun stafaði fyrst og fremst af fjárhagslegum ástæðum þar sem leiga á búnaði hefur hækkað mikið síðustu tvö árin.

Þegar bæjarráð veitti jákvæða umsögn um þann dansleik var áskilið að félagið myndi standa vel að allri umgjörð dansleiksins og gekk það eftir í öllum meginatriðum. Á síðustu árum hafa of ungir gestir fengið inngöngu á dansleikinn, þegar hann var haldinn að Varmá. Með skýrum skilaboðum, auknu eftirliti með miðasölu og öflugri dyravörslu tókst að stemma stigu við þeirri þróun. Þá höfðu viðbragðsaðilar sterka viðveru í kringum viðburðinn milli kl. 23 og 1.

Virðingarfyllt,

Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs